

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 18. júlí 1989

sem breytir, með tilliti til evrópskra staðla um útblástur bifreiða með hreyfla innan við 1,4 lítra að stærð, tilskipun 70/220/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum

(89/458/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

Í þriðju aðgerðaáætlun er kveðið á um frekari aðgerðir til að draga úr útblástur mengandi lofttegunda frá ökutækjum.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

Í tilskipun 70/220/EBE ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/436/EBE ⁽⁵⁾ er mælt fyrir um markgildi fyrir kolmónoxíð og óbrennt vetniskolefni í útblæstri þessara hreyfla. Þessi markgildi voru lækkuð í fyrsta skipti með tilskipun 74/290/EBE ⁽⁶⁾ og bætt var við ákvæðum, í samræmi við tilskipun 77/102/EBE ⁽⁷⁾, um markgildi fyrir köfnunarefnisoxíð í útblæstri. Markgildi fyrir þessi efni voru síðan lækkuð með tilskipunum 78/665/EBE ⁽⁸⁾, 83/351/EBE ⁽⁹⁾ og 88/76/EBE ⁽¹⁰⁾ og markgildi fyrir útblástur mengandi agna frá dísilhreyflum sett með tilskipun 88/436/EBE.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Mikilvægt er að samþykkja ráðstafanir sem miða að því að koma á sameiginlegum innri markaði á tímabili sem lýkur 31. desember 1992. Innri markaður er svæði án innri landamæra þar sem frjáls flutningur vara, einstaklinga og fjármagns er tryggður, svo og frjáls þjónustustarfsemi.

Rannsóknir framkvæmdastjórnarinnar á þessu sviði hafa leitt í ljós að innan bandalagsins er þegar fyrir hendi, eða á síðasta þróunarstigi, tækni sem gerir kleift að lækka enn frekar umrædd markgildi fyrir allar stærðir hreyfla.

Í fyrstu aðgerðaáætlun bandalagsins á sviði umhverfisverndar, sem ráðið samþykkti 22. nóvember 1973, er hvatt til þess að tillit verði tekið til síðustu vísindaframfara í baráttunni gegn loftmengun sem stafar af útblásturslofti vélknúinna ökutækja og að þeim tilskipunum, sem þegar hafa verið samþykktar verði breytt til samræmis.

Einkum ber að stuðla að notkun umhverfisvænnar tækni í vélknúnum ökutækjum innan ramma rannsóknaráætlunar um þróun nýrrar tækni.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. C 56, 27. 2. 1988, bls. 9 og Stjútíð. EB nr. C 134, 31. 5. 1989, bls. 8.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. C 262, 10. 10. 1988, bls. 89 og Stjútíð. EB nr. C 120, 16. 5. 1989.

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. C 208, 8. 8. 1988, bls. 7.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 76, 6. 4. 1970, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB nr. L 214, 6. 8. 1988, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjútíð. EB nr. L 159, 15. 6. 1974, bls. 61.

⁽⁷⁾ Stjútíð. EB nr. L 32, 3. 2. 1977, bls. 32.

⁽⁸⁾ Stjútíð. EB nr. L 223, 14. 8. 1978, bls. 48.

⁽⁹⁾ Stjútíð. EB nr. L 197, 20. 7. 1983, bls. 1.

⁽¹⁰⁾ Stjútíð. EB nr. L 36, 9. 2. 1988, bls. 1.

Til þess að sem mestur ávinningur verði af þessum ákvæðum fyrir umhverfið í Evrópu og eining markaðarins um leið tryggð, virðist nauðsynlegt að leiða í lög strangari evrópska staðla sem byggja á algjörrri samhæfingu og eru a.m.k. eins strangir og þeir sem gilda í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og samþykktir voru af Evrópuþinginu. Markgildin miða við núgildandi prófunaraðferðir, sem mælt er fyrir um í tilskipun 70/220/EBE og nauðsynlegt verður að endurmeta þau þegar við bætist prófun þar sem tekið er mið af akstursskilvirkum utan þéttbýlis.

Með hliðsjón af því, hversu stór þáttur mengandi útblástur frá vélknúnum ökutækjum er í aukningu lofttegunda sem valda gróðurhúsaáhrifum, ber einkum að setja mörk fyrir útblástur koltvíoxíðs (CO₂), sem síðan verði lækkuð í samræmi við ákvörðun stjórnar Umhverfismálastofnunar SP (UNEP) frá 24. maí 1989 einkum d-lið 11. liðar hennar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 1. viðauka tilskipunar 70/220/EBE:

1. Eftirfarandi komi í stað neðstu línunnar í töflunni í lið 5.2.1.1.4:

„C < 1 400 19 5 —“.

2. Eftirfarandi komi í stað neðstu línunnar í töflunni í lið 7.1.1.1:

„C < 1 400 22 5,8 —“.

2. gr.

1. Frá 1. janúar 1990 er aðildarríki óheimilt, af ástæðum sem snerta útblástur mengandi efna frá hreyfli sem er innan við 1 400 cm³ að stærð:

— að synja um EBE-viðurkenningu, útgáfu skjalsins sem um getur í síðasta undirlíð 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 87/403/EBE ⁽²⁾, eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð vélknúins ökutækis,

eða

— banna að slík vélknúin ökutæki verði tekin í notkun,

ef mengandi efna í útblæstri frá þessari gerð ökutækis eða ökutækja samrýmist ekki kröfunum í viðaukum við tilskipun 70/220/EBE, eins og henni er breytt með tilskipun þessari.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 220, 8. 8. 1987, bls. 44.

2. Frá 1. júlí 1992, þegar um er að ræða gerðir ökutækja með hreyflum innan við 1 400 cm³ að stærð, er aðildarríkjum:

— óheimilt að gefa út skjalið sem kveðið er á um í síðasta undirlíð 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE fyrir gerð ökutækis,

— heimilt að synja um innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis,

ef mengandi efni í útblæstri þess er ekki í samræmi við kröfunar í viðaukum við tilskipun 70/220/EBE, eins og henni er breytt með tilskipun þessari.

3. Frá 31. desember 1992, þegar um er að ræða gerðir ökutækja með hreyflum innan við 1 400 cm³ að stærð, ber aðildarríkjum að banna að tekin verði í notkun ökutæki ef útblástur þeirra fullnægir ekki kröfum í viðaukum við tilskipun 70/220/EBE, eins og þeim er breytt með tilskipun þessari.

3. gr.

Aðildarríkjum er heimilt að setja ákvæði um skattaívilnanir fyrir ökutæki sem heyra undir tilskipun þessa. Slíkar ívilnanir skulu vera í samræmi við ákvæði sáttmálans og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

— þær skulu gilda um alla innlenda bifreiðaframleiðslu og um ökutæki sem flutt eru inn til aðildarríkis til markaðssetningar og búin eru tækjum sem uppfylla þegar þá staðla sem taka gildi 1992,

— þær skulu falla úr gildi þann dag sem tilgreindur er í 3. mgr. 2. gr. fyrir gildistöku útblástursmarkgilda fyrir ný ökutæki,

— upphæð þeirra, fyrir einstakar gerðir ökutækja, skal vera talsvert lægri en raunverulegur kostnaður búnaðarins sem notaður er til að uppfylla kröfunar og uppsetning hans.

Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um öll áform um að taka upp skattaívilnanirnar sem um getur í fyrstu undirgrein eða breyta þeim með nægum fyrirvara svo að hún geti lagt fram athugasemdir.

4. gr.

Aðildarríkjunum skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. janúar 1990. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

5. gr.

Að tillögu framkvæmdastjórnarinnar skal ráðið, fyrir lok 1990 og með auknum meirihluta,

- einnig samræma, að því er varðar ökutæki með hreyfli sem er 1 400 cm³ að stærð eða stærri, dagsetningar og staðla sem tilgreind eru í þessari tilskipun með tilliti til endurbættrar evrópskrar prófunar ökutækja sem tekur einnig til aksturs utan þéttbýlis,
- fella inn í endurbætta evrópska prófun ökutækja markgildin sem sett eru með tilskipun þessari fyrir ökutæki með hreyfli sem er innan við 1 400 cm³ að stærð.

6. gr.

Að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, sem tekur tillit til niðurstaðna úr yfirstandandi rannsóknnum á gróðurhúsaáhrif-

um, skal ráðið samþykkja með auknum meirihluta ráðstafanir sem miða að því að takmarka CO₂ í útblæstri vélknúinna ökutækja.

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. júlí 1989.

Fyrir hönd ráðsins,

R. DUMAS

forseti.